



**RAUÐI KROSSINN HEFUR HJÁLPAÐ OKKUR
MEÐ SJÁLFBODASTARFI GETUM VIÐ NÚ HJÁLPAÐ HONUM!**

**Hvatning
frá forseta Íslands**

Á hverjum degi kemur Rauði krossinn mörgum til hjálpar og þakklætið geymist í hugum þúsundanna. Sjúkrabíllinn með merki Rauða krossins er fljótur á vettvang, flytur sjúka til læknis; lífi er bjargað.

Sveitir Rauða krossins voru meðal hinna fyrstu sem fóru til Hveragerðis og Selfoss þegar jarðskjálftarnir urðu á Suðurlandi; líka þegar askan steiptist yfir sveitirnar, bæði í ár og í fyrra.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins eru ávallt að verki, hjálpa fátækum og öðrum sem glíma við erfiðleika, efla aðstoð við fólk sem í fjarlægum löndum glímur við matarskort og sjúkdóma eða þarf á fatnaði að halda.

Rauði krossinn er líka gjafmildur við þá sem leggja honum lið, gerast sjálfbóðaliðar eða sýna á annan hátt hug sinn í verki.

Sjálfbóðaliðinn fær ekki aðeins ánægjuna í sinn hlut heldur líka dýrmæta reynslu, þjálfun og aga. Allir sem gerast sjálfbóðaliðar verða í krafti framlagsins að betri mönnum; einkum á það við um unga fólkið, reynslan er frábært veganesti.

Við vitum að Rauði krossinn kemur ætíð til hjálpar þegar við köllum á hann.

Með því að bjóða öllum að gerast sjálfbóðaliðar er Rauði krossinn í raun að gefa fjölda Íslendinga ný tækifæri. Við getum hjálpað honum og okkur sjálfum með því að efla enn frekar sjálfbodastarfið.